

12 september

Til : Axel Rodriguez Överby;Árni Geirsson <arni@alta.is>
Frá : Hrafnhildur Brynjólfsdóttir <hrafnhildur@alta.is>
Heiti : 12 september
Málsnúmer : 2018090031
Málsaðili : Alta ehf
Skráð dags : 27.08.2018 13:36:26
Höfundur : Hrafnhildur Brynjólfsdóttir <hrafnhildur@alta.is>

Sæll Axel

Okkur Árna lýst vel á að koma á skipulagsnefndarfund hjá ykkur miðvikudaginn 12. september en við erum bæði laus þann dag. Getum við bókað það?

Við myndum kynna hvernig við höfum verið að vinna aðalskipulag, heyra af þeim áskorunum sem þið standið frammi fyrir og spjalla almennt um skipulagsmál. Svo sjáum við bara hvert þetta samtal leiðir okkur. Í framhaldinu gætum við, ef vill, sett saman verkefnaáætlun sem væri hægt að móta áfram með ykkur. Við hefðum afar gaman að því að fá tækifæri til að vinna með ykkur, en heimsóknin er auðvitað án allra skuldbindinga.

Við höfum verið að vinna mikið með starfrænt skipulag og nýtt landupplýsingar á fjölbreyttan hátt í okkar verkefnum. Ég læt fylgja hér með nokkur dæmi sem við gætum farið betur yfir á fundinum.

- **Grundarfjörður** - [dæmi um aðalskipulagsverkefni í kynningu](#).
- **Eyja- og Miklaholtshreppur** - [dæmi um vefsjá](#) sem nýtt hefur verið í samtali í dreifbýlinu.
- **Fjarðabyggð** - [Yfirlit yfir auðlindir](#) sem nýtt verður í stefnumótun hjá sveitarfélaginu.
- **Húsavík / Norðurþing** - Þar erum við að vinna húsnaðisskýrslu - og hér er [greining á uppbyggingarmöguleikum](#). Við teljum almennt að umfjöllunarefni húsnaðisskýrslna eigi að geta fallið vel undir aðalskipulagsendurskoðun ef sveitarfélagi sýnist svo.
- **SSH** - [Dæmi um greiningar](#).

Það má nýta tækifærið í heimsókninni og setjast niður með Árna og fá fræðslu um notkun QGis. Hann hefur verið að leiðbeina fólki með það og þá jafnvel bara við skrifborð viðkomandi. Man að Ralf leyst vel á QGis. Það má ná góðri yfirferð á 1-2 klukkustundum.

Með góðri kveðju
Hrafnhildur

Hrafnhildur Brynjólfsdóttir
Alta ehf // +354 582 5000 // +354 843 4949